



Marel: Taka hlutabréfa úr viðskiptum

Euronext Amsterdam N.V. („Euronext“) hefur samþykkt beiðni Marel hf. („Marel“ eða „félagið“) um að taka hlutabréf félagsins úr viðskiptum, sbr. tilkynningu frá félaginu dags. 23. desember 2024, þar sem kom fram að félagið hefði óskað eftir töku hlutabréfanna úr viðskiptum.

Síðasti viðskiptadagur með hlutabréf Marel (auðkenni: MAREL, ISIN: IS0000000388) á Euronext er áætlaður 3. janúar 2025 og afskráningardagur 6. janúar 2025.

Nasdaq Iceland hf. hefur þegar birt samþykki sitt um að taka hlutabréf félagsins úr viðskiptum, sjá hér: [Marel hf. - taka hlutabréfa úr viðskiptum](#)

Fjárfestatengsl

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Marel í gegnum netfangið ir@marel.com og í síma 563 8001.

Um Marel

Marel (NASDAQ: MAREL; AEX: MAREL) er í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og þjónustu fyrir matvælavinnslu. Marel var stofnað árið 1983 og hjá félaginu starfa um 7.100 starfsmenn í yfir 30 löndum (þar af um 700 starfsmenn á Íslandi) og þjónusta viðskiptavini í yfir 140 löndum. Lykilmarkaðir félagsins eru í vinnslu alifugla, kjöts, fisks, gæludýrafóðurs, plöntupróteina og fóðurs fyrir fiskeldi. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands og Euronext Amsterdam og skilaði 1,7 milljarði evra í tekjur árið 2023 (257 milljarðar króna), en 46% af heildartekjum koma frá þjónustu og varahlutum. Árlega fjárfestir Marel 5-6% af tekjum í nýsköpun og vöruþróun, eða um 15 milljörðum króna árið 2023, með áherslu á sjálfvirkni, róbótatækni og stafrænar lausnir sem tryggja örugg matvæli sem unnin eru á hagkvæman og sjálfbæran hátt. Frekari upplýsingar má finna á marel.com/ir.

Viðhengi

[Marel: Taka hlutabréfa úr viðskiptum](#)